



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24020072

Íbúaráð Breiðholts  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

### Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Breiðholti

Borgarstjóri hélt opna íbúafundi í 10 hverfum borgarinnar í vor þar sem boðið var upp á opið samtal við íbúana í hverfunum. Farið var yfir hvað væri gott í hverfunum og hvað mætti betur fara. Fundirnir voru haldnir í grunnskólum og samkomustöðum í hjörtum hverfanna. Fundirnir voru vel sóttir og alls staðar voru barnahorn.

Fjölmargar hugmyndir komu frá borgurunum sem fara sína leið í kerfinu og einhverjar munu komast til framkvæmda. Hjalagt er samantekt íbúafundar borgarstjóra í Breiðholti sem send er íbúaráði Breiðholts til upplýsinga, umræðu og umfjöllunar.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari

Hjalagt:  
Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Breiðholti

## Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Breiðholti 27. janúar 2024

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt opinn íbúafund í Breiðholtsskóla þann 27. janúar 2024 þar sem boðið var upp á samtal íbúa og borgarstjóra. 88 manns sóttu fundinn.

Borgarstjóri opnaði fundinn og kynnti fyrirkomulag. Áhersla væri á þátttöku gesta með annarsvegar umræðu í hópum og hins vegar í formi könnunar á forritinu Menti þar sem hver og einn fundargestur gæti sett inn sínar áherslur og tekið þátt í að mynda orðaský sem birtist á skjá. Í framhaldi af því væri orðið gefið laust og fólk gæti betur útskýrt málið fyrir öllum fundagestum, auk þess sem starfsfólk borgarinnar gæti betur tekið niður ábendingar.

### Hvað er það besta við Breiðholtið?

Gestir voru spurðir hvað væri það besta í þeirra nærumhverfi.

Gestir nefndu langflestir náttúruna sem það besta í Breiðholti, nálæg við Elliðaárdalurinn og önnur græn svæði, góða göngustíga og góð tækifæri til útivistar. Þá var einnig talað um að hverfið væri rólegt og rótgróið, þar væri góð þjónusta og góð innviði, heilsugæsla, bókasafn, sundlaugar, líkamsrækt og fleira. Nokkrir gestir nefndu að skólakerfið væri gott í Breiðholti og að þeir væru ánægðir með fjölmennningarlegt samfélag og þjónustu við innflytjendur í hverfinu.

Orðaský fundarresta:

Mentimeter

Hvað er það besta í þínu nærumhverfi?

116 responses



### Hvað má bæta í Breiðholti?

Næst voru gestir spurðir hvað mætti bæta í þeirra hverfi.

Mikil áhersla var lögð á nánasta umhverfi, íbúar lögðu áherslu á að vilja vernda og viðhalda grænum svæðum og margir nefndu að mest ætti að byggja fimm hæða blokkir í Breiðholti. Þá nefndu þó

